

Sveitarstjórn Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardal

Hóli 1. 4. 2020

Ágæta sveitarstjórn,

Ég vil byrja á að þakka fyrir samþykkt á umsókn minni um skógrækt á Hóli í Hvammssveit. Þó er ég ekki sáttur við þau íþyngjandi skilyrði sem sveitarstjórn setur, væntanlega að kröfu Minjastofnunar Íslands (MÍ). Bókun sveitarstjórnar er þó ónákvæm. Það sem hún meinar og ætti því að segja skýrt er; „Áður en leyfið verður gefið út skal umsækjandi láta framkvæma og greiða fyrir skráningu fornminja á tilgreindu skógræktarsvæði“. Af fyrri samskiptum við MÍ veit sveitarstjórn að MÍ neitar að gefa umsögn nema þetta verði gert. Orðalagið „Einnig þarf að liggja fyrir“ þýðir að Dalabyggð krefst þess að ég borgi fyrir skráninguna, annars fái ég ekki leyfið.

Fyrir tæpu ári fékk ég tilboð frá fornleifafræðingi í þessa vinnu og var það kr. 860.000 með vsk, en skógarbóndi fær vsk ekki endurgreiddann fyrir svona vinnu. Sjálfur hef ég þaukannað svæðið, skoðað örnefnaskrár og leitað upplýsinga elstu manna sem til þekkja á jörðinni, þ.m.t. Bjarna Ásgeirssonar frá Ásgarði, sem nú hefur m.a. hnitsett og skráð örnefni á vef Landmælinga Ísland víða í Dalabyggð. Einnig liggur fyrir Svæðisskráning fornminja fyrir alla Dalasýslu, þ.m.t. Hvammssveit. Niðurstaðan er að aðeins finnast þrjár fornminjar á skógræktarsvæðinu á Hóli, þ.e. stekkur, nátthagi og ógreinileg leið yfir að næsta bæ, Rauðbarðaholti. Að óbreyttu þarf ég því að borga fornleifafræðingi um kr. 300.000 til að skrá hverja og eina, og allt sem hann gerir er að taka mynd og hnit og skrifa stutta lýsingu – allt upplýsingar sem þegar liggja fyrir. Allir geta tekið hnit og myndir – þetta er fólk með í símanum sínum og örnefnaskrár fást frítt hjá Árnastofnun. Auk þess er hægt að lesa hnit og taka yfirlitsmyndir af mjög skýrum loftmyndum, sem opnar eru á netinu.

Ef þetta kallast ekki „rán um hábjartan dag“ þá veit ég ekki hvað. Sveitarstjórn ætti að sjá sóma sinn í að standa ekki að svona löguðu. Og gerið þið ykkur ekki grein fyrir því að þessi krafa sem þið gerið nú á örfáa skógarbændur mun færast yfir á allar framkvæmdir á bújörðum? Nú er mikill áhugi hjá öðrum bændum að byrja með skógrækt til að kolefnisjafna sinn rekstur og þá verður sveitarfélagið að gera sömu kröfur á þá. Margir þeirra munu ekki sætta sig við svona álögur og því er Dalabyggð „de facto“ að koma í veg fyrir að t.d. margir sauðfjárbændur, geti nýtt sér þennan möguleika til kolefnisjöfnunar og tekjuauka.

Nú vill þannig til að margir landeigendur í Dalabyggð, sem hafa haft áhuga á skógrækt, eru vel efnað fólk og sumir teljast jafnvel til ríkustu manna landsins. Skilaboð sveitarstjórnar má annars vegar túlka þannig að hún kæri sig ekkert um svona fólk og hins vegar að það sé nú heldur ekki of gott til að borga. Og vafalaust munu margir ekkert láta svona upphæðir stoppa sig, en það

gleymist að um leið er verið að mismuna fólki eftir efnahag, þannig að aðeins hinir ríku munu fá leyfi til að stunda skógrækt, en efnaminni landeigendur verða látnir sitja eftir. Er þetta virkilega markmið sveitarstjórnar Dalabyggðar með öllu þessu brölti?

Þessu til viðbótar er mjög vafasamt að þessi framganga, sem Dalabyggð og MÍ standa saman að, standist lög og grundvallaratriði í íslenskri stjórnskipan. Þar má tína ýmislegt til:

1. Jafnrétti þegna landsins. Fram til 2018 hafa verðandi skógarbændur á Íslandi ekki þurft að sæta slíkum skilyrðum og því hefur enginn af hundruðum skógarbænda hingað til þurft að greiða kostnað við fornminjaskráningu.

2. Jafn aðgangur þegna gagnvart úthlutun á takmörkuðum gæðum. Við skoðun á því hvernig sveitarfélög á landinu hafa afgreitt skógræktarleyfi á árunum 2018-2020 kom í ljós að af 17 sveitarfélögum, sem samþykktu 33 skógræktarumsóknir á tímabilinu, voru aðeins tvö önnur, sem setja sambærileg skilyrði og Dalabyggð gerir nú. Hin 14 afgreiddu 28 umsóknir án slíkra skilyrða. Rúmlega helmingur sveitarfélaga, en sem ná yfir um 80% af flatarmáli landsins, hafa ekki lokið aðalskráningu fornminja, frekar en Dalabyggð. Samt sem áður hafa þau flest afgreitt skógræktarumsóknir á þessu tímabili, án skilyrðis um umsögn MÍ eða annara skilyrða.

3. Lögmæti gjaldtöku. Opinberum aðilum er óheimilt að krefja þegnana um greiðslu gjalda nema skýr lagaheimild sé fyrir hendi.

4. Lögmæti og meðalhóf. Opinberir aðilar skulu gæta meðalhófs og ekki leggja meira íþyngjandi kröfur á þegnana en þörf krefur og kröfur þurfa jafnframt að vera lögmætar, þ.e. að skýr lagaheimild skal vera til staðar.

5. Skógrækt í skipulagi. Skógrækt á lögbýlum og landbúnaðarlandi er ekki deiliskipulagsskyld, heldur eru skógræktarleyfi veitt með vísan til skilyrða í Aðalskipulagi. Því er ekki hægt að krefja skógarbónda um kostnað vegna fornminjaskráningar með vísan til reglna um deiliskipulag.

6. Framkoma og tilgangur. Tilgangur minjalaga er að vernda fornminjar og skal MÍ aðstoða landeigendur við slíkt, sýna þeim tillitssemi og gera ekki meiri kröfur til þeirra í því sambandi en sanngjarnt getur talist. Þessi framgangsmáti MÍ er því ekki hvetjandi fyrir landeigendur til að vernda og viðhalda umhverfi fornminja, heldur þvert á móti.

Hér er því um stórt fordæmisgefandi mál að ræða, sem varðar starfsskilyrði skógræktar og skógarbænda á öllu landinu mjög miklu og sama gildir um aðra bændur, því allar íþyngjandi kröfur, sem ná fótfestu gagnvart einum hópi, munu síðar einnig yfirfærast á aðra landeigendur. Því eru miklir hagsmunir í húfi fyrir marga, að fá úr því skorið hvort þessi stjórnsýsla geti staðist.

Þess vegna hóf ég, í samstarfi við fjölmarga aðra aðila víða um land vinnu við að rannsaka stöðu þessara mála á landsvísu og varð niðurstaðaðan að kæra umrædd skilyrði í afgreiðslu

Dalabyggðar til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Er meginkraftan sú að skilyrðið um umsögn MÍ verði felld úr gildi en afgreiðslan standi að öðru leyti.

Að kærinni standa einnig skógarbændur á Ósi og Stóra-Langadal, sem fengu sömu afgreiðslu á sama tíma. Auk þess komu fjölmargir aðrir aðilar að undirbúningi málsins, þ.á.m. Félag skógarbænda á Vesturlandi, Landssamtök skógareigenda og skógarbóndinn í Neðri-Hundadal. Skógræktin veitti einnig góðfúslega aðstoð um gagnaöflun og leiðbeiningar og margir aðilar víða um land lögðu til gögn, upplýsingar og stuðning.

Það er vissulega leitt að okkar góða sveitarfélag skuli þurfa að vera sá aðili, sem kæran beinist gegn, en um annað var ekki að ræða ef nýta átti lögformlegar leiðir, svo sem stífan tímafrest í svona málum. Þrátt fyrir þetta, og okkar fyrri samskipti, þá lít ég ekki svo á að ég sé hér einhver óvinur nr. 1, heldur sé það MÍ, sem sé okkar sameiginlegi andstæðingur, enda tel ég að hún hafi sýnt mikið offors og yfirgang í þessu máli, bæði gagnvart sveitarfélögum og skógarbændum.

MÍ hefur ekkert boðvald yfir sveitarfélögum og getur ekki beitt þau neinum viðurlögum þó þau afgreiði og gefi útskógræktarleyfi án hennar aðkomu, eins og hin 14 sveitarfélögin hafa óhikað gert. Einfalda leiðin væri því sú að skipulagsfulltrúi Dalabyggðar gæfi bara umrædd leyfi strax út og setti svo skammir MÍ í körfuna.

Að sjálfsgöðu viljum við, sem að þessu standa, helst ná sáttum við sveitarstjórn og hef ég þegar átt í góðum samskiptum við skipulagsfulltrúa, sem miða í þá átt. Ég vonast til að halda þeim samskiptum áfram og ég er þess fullviss að ef við nálgumst málið af yfirvegum og á málefnalegum forsendum, þá getum við fundið lausn, sem allir geta unað við.

Með von um gott samstarf í framtíðinni,

Virðingarfyllst,

Jakob K. Kristjánsson

Hóli, Hvammssveit